

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem
auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 28. febrúar 2020

Reykjavík, 30. apríl 2020

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar.....	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	8
5. Mat á umsækjendum	15
5.1. Menntun og framhaldsmenntun	15
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður.....	15
5.2. Reynsla af dómstörfum.....	15
5.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður.....	16
5.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum.....	16
5.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður.....	18
5.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum	18
5.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	20
5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.....	20
5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	20
5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður.....	21
5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.	21
5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður.....	22
5.6. Reynsla af stjórnun	23
5.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	23
5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	24
5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður .	25
5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	26
5.9. Sérstök starfshæfni.....	26
5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	27

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu	27
5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi	28
6. Niðurstaða dómnefndar	29

1. Umsækjendur

Með bréfi 20. mars 2020 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem auglýst var laust til umsóknar 28. febrúar 2020 í Lögbirtingablaði.

Upphaflega sóttu um embættið: Aðalsteinn E. Jónasson, landsréttardómari, Davíð Þór Björgvinsson, landsréttardómari, Jóhannes Sigurðsson, landsréttardómari, Sigríður J. Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari, og Sigurður Tómas Magnússon, landsréttardómari. Tveir umsækjenda, Davíð Þór Björgvinsson og Jóhannes Sigurðsson, drógu umsóknir sínar til baka 29. apríl 2020.

Samkvæmt 3. gr. reglna um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Hæstiréttur gegnir sérstakri stöðu í dómstólaskipan landsins. Með lögum nr. 50/2016 og lögum, sem sett voru samhliða þeim, voru gerðar stórfelldar breytingar á þeirri skipan. Með 1. gr. dómstólalaga, sem gildi tóku 1. janúar 2018, var hlutverki Hæstaréttar breytt með þeim hætti að hann skyldi framvegis vera æðsti dómstóll ríkisins án þess að vera samtímis áfrýjunardómstóll eins og verið hafði í tíð eldri laga. Því til samræmis er áfrýjun mála nú háð leyfi réttarins og einkum takmörkuð við mál sem hafa „verulegt almennt gildi“ eða „verulega almenna þýðingu“, sbr. 176. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 4. mgr. 215. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Hæstarétti er því hér eftir fyrst og fremst ætlað að dæma mál sem hafa verulega almenna þýðingu og í mörgum tilvikum fordæmisgildi. Af þeim sökum er brýnt að vanda til vals á dómurum réttarins, auk þess sem breytt hlutverk hans leiðir af sér kröfu um að það val sé eins trúverðugt og framast er kostur, svo sem tekið er fram í

umsögn dómnefndar um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara frá 9. desember 2019.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embættið. Samkvæmt lögunum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi ráðherra dómsmála og mannréttinda setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal

gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaþgra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendi, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að

í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaðkvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

Í fyrrgreindri umsögn dómnefndar frá 9. desember 2019 er fjallað um hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Í umsögninni er sú ályktun dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Þá sé með fjölbreyttri starfsreynslu ekki eingöngu átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði, sbr. og álit dómnefndar frá 22. júlí 2019 þar sem metin var hæfni umsækjenda um embætti landsréttardómara.

Í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 var m.a. fjallað um umsögn dómnefndar frá 19. maí 2017 um hæfni umsækjenda um fimmtán embætti landsréttardómara. Í dómunum fann Hæstiréttur að því að í umsögn sinni hafi nefndin ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dóma. Samkvæmt þessu skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hafa Kristín Benediktsdóttir, Ragnheiður Harðardóttir og Ragnhildur Helgadóttir ákveðið að víkja sæti í dómnefnd og hafa varamenn þeirra,

Valtýr Sigurðsson, Halldór Halldórsson og Sigríður Þorgeirsdóttir, tekið sæti í henni í þeirra stað. Fyrir sátu í nefndinni Eiríkur Tómasson, formaður, og Óskar Sigurðsson.

Þeim dómnefndarmönnum, sem taka þátt í meðferð málsins, er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra til að koma að því. Hinn 26. mars 2020 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 17. apríl 2020.

Í framangreindri auglýsingu frá 28. febrúar 2020 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómara við Hæstarétt upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Í því sambandi skal þess getið að hæfni umsækjendanna Aðalsteins E. Jónassonar og Sigurðar Tómasar Magnússonar hefur nýlega verið metin af dómnefnd vegna umsóknar þeirra um embætti hæstaréttardómara, sbr. umsögn nefndarinnar frá 9. desember 2019. Vegna þess að í þeirri umsögn var m.a. lagt mat á almenna starfshæfni þessara tveggja umsækjenda á grundvelli umsagna, sem þá fylgdu umsóknum þeirra, ákvað dómnefnd að þessu sinni að taka tillit til þess. Af þeirri ástæðu var nú einungis leitað upplýsinga um störf, samstarfshæfni og aðra persónulega eiginleika þriðja umsækjandans, Sigríðar J. Friðjónsdóttur, hjá þeim tveimur, sem hún tiltók í umsókn sinni, Kolbrúnu Benediktsdóttur varahéraðssaksóknara og Stefaníu G. Sæmundsdóttur saksóknara. Þá taldi nefndin jafnframt rétt að leita sams konar upplýsinga um eiginleika Aðalsteins hjá Þórði S. Gunnarssyni, fyrrum héraðsdómara, þar sem hann hafði ekki látið í té umsögn um umsækjandann í hið áðurgreinda skipti. Með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. reglna nr. 620/2010 sendi dómnefnd sams konar spurningalista til þessara þriggja meðmælenda og sendur var öðrum meðmælendum á sínum tíma. Var umsækjendunum tveimur síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 20. mars 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Vegna þess að breytingar urðu á skipan nefndarinnar og hún kom fyrst saman fullskipuð á fundi 24. mars 2020 reiknast

sex vikna afgreiðslufrestur hennar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010 frá þeim degi til 5. maí 2020. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 22. apríl 2020, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 29. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá tveimur umsækjenda, Davíð Þór Björgvinsyni og Jóhannesi Sigurðssyni, sem í kjölfarið drógu umsóknir sínar til baka eins og áður er fram komið. Aðrir umsækjendur gerðu ekki athugasemdir. Sökum þess var ekki tilefni til að gera aðrar breytingar á umsögninni en leiddi af því að Davíð Þór og Jóhannes voru ekki lengur meðal umsækjenda þegar endanlega var gengið frá henni.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og viðmið á grundvelli þeirra megin sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Aðalsteinn E. Jónasson er fæddur 18. desember 1966 og er því 53 ára. Hann útskrifaðist með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992. Hann stundaði LL.M. nám við lagadeild Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og útskrifaðist þaðan með meistaragráðu í júní 2000 með áherslu á löggjöf á fjármagnsmarkaði. Þá kom fram að hann hefði stundað doktorsnám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla á árunum 2008-2010. Hann öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður í febrúar 1993 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í október 1998. Þá fékk hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Áður en hann hóf laganám stundaði hann frönskunám við Toulouse háskóla. Auk þessa hefur umsækjandinn sótt ýmis námskeið héraðs og erlendis. Að loknu embættisprófi 1992 hóf hann störf hjá

lögmannsstofu Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl., sem síðar varð LEX lögmannsstofa. Vorið 2000 hóf umsækjandinn störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem við sameiningu síðar það ár varð Íslandsbanki-FBA hf. Árið 2002 hóf hann störf sem lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í hálfu starfi. Lét hann þá af störfum hjá Íslandsbanka-FBA hf. en sinnti lögmennsku hjá LEX lögmannsstofu samhliða starfi lektors til ársins 2004. Sama ár hóf hann störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Straums Fjárfestingabanka hf. og hætti þá hjá LEX lögmannsstofu en hélt stöðu sinni sem lektor. Í september 2006 hætti hann störfum hjá Straumi og tók við sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. í október 2006 og starfaði þar til ársloka 2007. Á árinu 2007 fékk hann framgang í stöðu dósentis við lagadeild Háskólans í Reykjavík og fór þá í fullt starf sem dósent og sinnti kennslu og rannsóknum við skólann samhliða starfi sínu hjá Gnúpi þar til hann lét af störfum þar í árslok 2007. Hann starfaði hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík þar til fyrri hluta árs 2011. Við deildina annaðist umsækjandinn fyrst og fremst kennslu í tveimur námsgreinum, annars vegar kröfurétti, síðar fjármunarétti I – samninga-, skaðabóta- og kröfurétti og hins vegar verðbréfamarkaðsrétti, síðar viðskipti með fjármálagerninga. Rannsóknir hans á sviði lögfræði hafa fyrst og fremst beinst að síðarnefndu fræðisviði. Til viðbótar hafði hann umsjón með og annaðist kennslu í námsgreininni alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir árið 2007 og kennslu í fjármunarétti V. Þá hefur hann komið að kennslu í ýmsum öðrum námsgreinum sem aðrir kennarar hafa haft umsjón með. Sem lektor og síðar dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík árin 2002 til 2011 hafði hann umsjón með kandidats- og meistaraaritgerðum. Þá var hann reglulega prófdómari á þessu tímabili. Áður hafði hann umsjón með nokkrum lokaritgerðum laganema við lagadeild Háskóla Íslands. Umsækjandinn annaðist kennslu í aðfarargerðum á námskeiðum fyrir verðandi lögmennt 2001-2005 og verðbréfamiðlara 2000-2001. Í janúar 2010 hóf hann á ný störf hjá LEX lögmannsstofu og starfaði þar fram til ársloka 2017. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landsrétt 8. júní 2017 og hefur hann gegnt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018. Áður en umsækjandinn hóf störf hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2001 til 2002, og kenndi þar annars vegar aðfarargerðir og hins vegar verðbréfamarkaðsrétt.

Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Viðskipti með fjármálagerninga* (2009) og *Markaðssvik* (2017). Þá hefur hann ritað þrjá bókakafla og 14 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni. Umsækjandinn tók þátt í innra starfi lagadeildar Háskólans í Reykjavík, þ.e. kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði. Hann var formaður stjórnar Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2003-2007, og forstöðumaður sömu stofnunar 2007-2011. Hann sat í rýnihópi sem gerði úttekt á laganámi við Háskólann í Reykjavík árið 2014. Þá hefur umsækjandinn verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007, formaður úrskurðarnefndar verðbréfamistöðva 2009-2013, sérfræðingur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis frá apríl 2009 til mars 2010 og var í tvígang á árinu 2009 settur *ad hoc* sem formaður nefndar um dómaraströf. Hann var stjórnarformaður 1912 samstæðunnar 2012-2017, stjórnarmaður í Fossum mörkuðum hf. frá árinu 2016 til 2017 og sat í stjórn LEX lögmannsstofu 2011-2015. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hann var í stjórn Lögmannafélags Íslands 2001 til 2003 og í laganefnd félagsins 1996-1999. Þá sat hann í laganefnd European Banking Federation 2000-2002. Umsækjandinn hefur setið í ritrýnnefnd Tímarits Lögréttu frá árinu 2009 og í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2007. Umsækjandinn var settur dómari við Hæstarétt Íslands í sjö málum árið 2018.

Sigríður J. Friðjónsdóttir er fædd 28. nóvember 1961 og er því 58 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1986 og meistaragraðu í réttarheimspeki við Háskólann í London í Bretlandi haustið 1987. Hún öðlaðist málflutningsréttindi í héraði í september 1991. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík frá maí til september 1986. Frá september 1987 til september 1991 starfaði hún sem fulltrúi sýslumannsins á Sauðárkróki, þar af var hún aðalfulltrúi frá 1. apríl 1989 og sinnti m.a. dómstörfum, lögreglustjóramálum, sífjamálum og aðfaragerðum. Umsækjandinn var skipuð setudómari í einkamáli sem tekið var til meðferðar fyrir bæjarþingi Sauðárkróks í október 1991 og settur sýslumaður á Hvolsvelli frá 20. júlí 1992 til 4. ágúst sama ár. Frá september 1991 til maí 1993 starfaði hún sem fulltrúi á lögmannsstofu Eggerts B. Ólafssonar, hdl. Umsækjandinn hóf störf hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1. júlí 1993

og var skipuð fulltrúi 15. janúar 1994. Sem fulltrúi fór hún með rannsóknarstjórn mála er vörðuðu ætluð brot gegn almennum hegningarlögum auk ýmissa sérrefsilagabrota. Hafði umsækjandinn með höndum máflutning fjölda opinberra mála fyrir héraðsdómi. Umsækjandinn var skipuð fulltrúi ríkislögreglustjóra 1. júlí 1997 og fékkst hún þar við sviðuð verkefni og hjá rannsóknarlögreglu ríkisins nema við bættist útgáfa ákæra. Umsækjandinn var settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara frá 10. ágúst 1998 til 31. desember 1998 og frá 1. janúar 1999 var hún skipuð saksóknari við sama embætti. Umsækjandinn var settur vararíkissaksóknari frá 1. september 2008 til 31. janúar 2009 og skipuð í sama embætti frá 1. febrúar 2009. Þann 12. október 2010 var hún kosin saksóknari Alþingis í máli þess á hendur Geir H. Haarde, sbr. þingsályktun frá 28. september 2010 um málshöfðun gegn ráðherra. Störfum saksóknara Alþingis lauk með uppkvaðningu dóms Landsdóms 23. apríl 2012. Frá 4. apríl 2011 hefur umsækjandinn gegnt embætti ríkissaksóknara. Í janúar 1994 og 1995 annaðist hún kennslu á námskeiði í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands sem bar heitið yfirlit um refsirétt og opinbert réttarfar; almenn hegningarlög, afbrot og sakhæfi, þvingunarráðstafanir, refsivist og skilorð. Hún annaðist kennslu í stjórnskipunar- og stjórnsýslurétti við Lögregluskóla ríkisins á fyrri önn árið 1997 og tvær annir árið 2000. Kennslu á námskeiðum ríkissaksóknara fyrir nýja ákærendur árin 2001-2003, námskeið við Lögregluskóla ríkisins fyrir stjórnendur í lögreglunni 2003 og námskeið framhaldsdeildar Lögregluskóla ríkisins fyrir rannsóknarlögreglumenn og löglærða fulltrúa lögreglunnar um rannsóknir kynferðisbrota 2006. Þá annaðist umsækjandinn kennslu á grunnámskeiði ríkissaksóknara fyrir ákærendur árið 2019. Umsækjandinn getur um að hafa flutt erindi á ýmsum ráðstefnum og fundum sem varða verkefni lögreglu og ákæruvalds. Sem saksóknari, vararíkissaksóknari og ríkissaksóknari hefur umsækjandinn flutt hundruð sakamála, fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Eftir tilkomu Landsréttar hefur umsækjandinn flutt tvö sakamál fyrir réttinum og veitt umsagnir vegna beiðna um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar í 43 sakamálum. Umsækjandinn greinir frá tveimur fræðigreinum sem hún hefur ritað og varðar ákæruvaldið. Sú fyrri er Ákæruvaldið á krossgötum sem birtist í Tímariti lögfræðinga árið 2011, seinni greinin ritaði umsækjandi ásamt öðrum og fjallar um sjálfstæði og skipulag ákæruvaldsins á

Íslandi. Seinni greinin var birt árið 2019 í riti til heiðurs fyrrverandi ríkissaksóknara Noregs.

Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hún hefur sinnt ýmsum nefndarstörfum á vegum dómsmálaráðuneytisins og ríkissaksóknara. Vorið 1996 var hún ritari nefndar sem ætlað var að kanna stöðu kvenna innan lögreglunnar og gera tillögur að úrbótum. Þá var hún formaður nefndar sem kanna átti og gera úttekt á veitingu reynslulausnar skv. 40-42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 árið 2004, en sama ár var hún skipuð af dómsmálaráðuneytinu í nefnd sem fara átti yfir reglur um hljóðritun lögregluyfirherslna og gera tillögur að úrbótum. Umsækjandinn hefur setið í refsiréttarnefnd frá árinu 2003. Þá var hún oddviti stýrihóps sem ríkissaksóknari skipaði til að fara yfir og gera tillögur um atriði sem varða notkun mynd- og hljóðkerfis við skýrslutökur hjá lögreglu árið 2007 og í fyrirsvari fyrir vinnuhóp á vegum ríkissaksóknara sem vann að tillögum að reglum um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála árið 2010. Sama ár var hún formaður starfshóps sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipaði í því skyni að gera tillögur að breytingum á sakamálaréttarfari og réttarreglum því tengdu með það að markmiði að auka skilvirkni í sakamálum sem og fulltrúi nefndar sem gera átti tillögur til ráðherra um langtímaáætlun á sviði fullnustumála. Hún sat í rýnihóp við vinnslu frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 49/2016 um meðferð einkamála og sakamála vegna stofnunar millidómstigs.

Sigurður Tómas Magnússon er fæddur 15. júní 1960 og er því 59 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Hann hefur sinnt símenntun og endurmenntun frá útskrift bæði hér á landi og erlendis. Hann öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður í júní 1988 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í janúar 2009. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík frá 1. júní 1985 til 15. september 1986. Þá hóf hann störf sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu Sigurmars K. Albertssonar hrl. þar sem hann starfaði í rétt rúm tvö ár. Frá október 1988 til ágúst 1990 var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara og síðan settur borgardómari í eitt ár frá 1. september 1990 til 31. ágúst 1991. Þá var hann fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík síðustu fjóra mánuði ársins 1991 og aðstoðarmaður hæstaréttardómara fyrstu fimm

mánuði ársins 1992. Frá 1. júní 1992 til ársloka 1993 gegndi hann stöðu skrifstofustjóra við Héraðsdóm Reykjavíkur og stöðu dómarafulltrúa. Allt árið 1994 var hann settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og starfaði nær eingöngu við meðferð sakamála. Frá 1. janúar 1995 til loka september 1996 starfaði hann sem skrifstofustjóri á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hann var skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. júní 1996 til 31. október 2005, en hann tók til starfa 1. október 1996 og var í leyfi frá 1. nóvember 2004. Frá hausti 2004 fram til ársloka 2017 starfaði hann við kennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Fram til mars 2010 bar hann starfsheitið sérfræðingur en eftir það gegndi hann starfi atvinnulífsprófessors við lagadeildina. Aðalkennslugreinar umsækjandans þar voru einkamálaréttarfar og sakamálaréttarfar í grunnnámi, auðgunar- og efnahagsbrot í áfanga í meistaranámi og gagnaöflun og munnlegur málflutningur í áfanga í meistaranámi. Hann hefur jafnframt kennt ýmsar aðrar fræðigreinar. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landrétt 8. júní 2017 og hefur hann gegnt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018.

Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hann var settur ríkissaksóknari í svokölluðum Baugsmálum og flutti þau fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og starfaði sem ráðgjafi sérstaks saksóknara frá stofnun embættisins í febrúar 2009 þar til embættið var lagt niður í árslok 2015. Hann var verkefnastjóri við undirbúning stofnunar embættis héraðssaksóknara. Hann sinnti stundakennslu í viðskiptarétti við Tækniháskóla Íslands 1986-2005, í einkamálaréttarfari við lagadeild Háskóla Íslands 1993-1996, í kröfurétti, eignarétti og réttarfari við lagadeild Háskóla Íslands 1991-1992 og réttarfari við lagadeild Háskólans í Reykjavík á haustönn 2003. Þá annaðist hann kennslu í fjármunarétti á námskeiðum til öflunar réttinda sem verðbréfamiðlari 1990-1992 og 2001-2005 og samningarétti og réttarfari á löggildingarnámskeiðum fyrir fasteigna- og skipasala. Hann kenndi jafnframt einkamálaréttarfar á námskeiðum til öflunar héraðsdómsslögmansréttinda á árunum 2005-2019. Hann hefur verið prófdómari í skriflegum og munnlegum prófum í talsverðum mæli, þar á meðal við lagadeild Háskóla Íslands, og haft umsjón með ritun fjölda BA-ritgerða og meistararitgerða. Umsækjandinn ritaði bókina *Ákvörðun refsinga - Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000* (2003), þar sem hann

var höfundur að öðru efni en fjórða kafla. Hann hefur jafnframt skrifað 15 fræðigreinar sem birst hafa í innlendum og erlendum tímaritum, en þar af eru tíu ritrýndar. Nýverið hefur hann lokið ritun greinar sem mun birtast í 100 ára afmælisriti Hæstaréttar Íslands, gefið út 2020, og hefur hún þegar verið ritrýnd. Hann sat í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu 2004-2005 og hefur síðan þá ritrýnt nokkrar fræðigreinar. Hann hefur einnig ritrýnt nokkrar fræðigreinar á sviði réttarfars sem birst hafa í Tímariti Lögfræðinga. Þá getur hann um 44 fyrirlestra um lögfræðileg málefni sem hann hefur flutt við hin ýmsu tilefni jafnframt sem hann hefur tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum. Árin 2006-2018 var umsækjandinn fulltrúi Íslands í stýrihópi fyrir norrænu réttarfarsráðstefnurnar og var hann þátttakandi í norrænu samstarfsverkefni á sviði réttarfars á árunum 2011-2012. Þá hefur hann setið í námsþróunarráði lagadeildar Háskólans í Reykjavík frá 2004, þar af sem formaður í fimm ár, setið í námsráði háskólans og átt sæti í nokkrum matsnefndum innan hans. Umsækjandinn var formaður dómstólaráðs 1998-2005 og sat í jafnréttisráði 1997-2000. Hann hefur átt sæti í fjölda stjórnisýslunefnda, svo sem kærunefnd jafnréttismála, þar af sem formaður í þrjú ár, verið varamaður í endurupptökunefnd og hefur tekið sæti þar í níu málum, þar með töldum Guðmundar- og Geirfinnsmálum, nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og fjölda nefnda sem skipaðar hafa verið til að undirbúa lagasetningu á sviði lögreglumála, ákærvalds, dómstólaskipunar og réttarfars og jafnframt til þess að hrinda slíkri lagasetningu í framkvæmd. Þá hefur hann frá 2013 verið formaður stýrihóps á vegum innanríkisráðuneytisins sem fékk það verkefni að móta réttaröryggisáætlun sem taki til lögreglu, ákærvalds, dómstóla og fullnustuyfirvalda. Hann var skipaður í nefnd um meðferð kærumála og kvartana á hendur lögreglu frá 15. janúar 2015. Þá var hann skipaður formaður réttarfarsnefndar frá 1. mars 2017 og nefndarmaður í áfrýjunar-nefnd Landsréttar frá 1. janúar 2019. Umsækjandinn var skipaður formaður vinnuhóps dómsmálaráðherra um millidómstig árið 2010. Eftir að nefnd á vegum innanríkisráðherra hafði skilað drögum að frumvörpum um millidómstig vann hann áfram að undirbúningi og samningu frumvarpanna og athugasemda með þeim ásamt fleirum. Umsækjandinn sat í Félagsdómi 1995-1998, tilnefndur af BHM. Þá hefur hann

verið settur varadómari við Hæstarétt Íslands í 13 málum og tekið sæti í gerðardómi í alls átta málum, þar af sex sinnum sem formaður.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Aðalsteinn E. Jónasson lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands árið 1992. Hann hefur til viðbótar lokið meistaranámi í lögum við Harvardháskóla með áherslu á löggjöf á fjármagnsmarkaði. Ennfremur stundaði hann doktorsnám í Kaupmannahöfn í eitt og hálf t ár 2008-2010. Þá hlaut hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015.

Sigríður J. Friðjónsdóttir lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands árið 1986. Hún hefur til viðbótar hlotið meistaragráðu í lögum frá Lundúnaháskóla með réttarheimspeki sem sérgrein.

Sigurður Tómas Magnússon lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands árið 1985.

5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að **Aðalsteinn** standi fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Hann hefur lokið meistaraprófi í lögum og að auki lagt stund á doktorsnám. Á eftir honum kemur **Sigríður**, sem hlotið hefur meistaragráðu í lögum, og loks **Sigurður Tómas**, sem ekki hefur stundað framhaldsnám í lögfræði, en sótt eins og aðrir umsækjendur ýmis námskeið að loknu embættisprófi.

5.2. Reynsla af dómstörfum

Aðalsteinn E. Jónasson hefur verið dómari við Landsrétt í rúm tvö ár eða frá 1. janúar 2018. Hann var settur dómari við Hæstarétt í sjö málum árið 2018.

Sigríður J. Friðjónsdóttir hafði m.a með höndum dómstörf sem aðalfulltrúi sýslumannsins á Sauðárkróki frá apríl 1989 til september 1991. Þá var hún skipuð setudómari í einkamáli í október 1991 sem til meðferðar var á bæjarþingi.

Sigurður Tómas Magnússon hefur verið dómari við Landsrétt í rúm tvö ár eða frá 1. janúar 2018. Hann var fulltrúi yfirborgardómara í Reykjavík í samtals rúm tvö ár

á árunum 1985-1991. Hann var jafnframt aðstoðarmaður hæstaréttardómara í rúm tvö ár á árunum 1988-1990 og aftur í eitt ár árið 1992. Hann starfaði sem settur borgardómari við embætti yfirborgardómarans í Reykjavík í eitt ár 1990-1991. Var settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur árið 1994 og skipaður dómari við dómstólinn á árunum 1996-2005, samtals í níu ár. Þá hefur hann verið settur dómari við Hæstarétt í þrettán málum, setið í Félagsdómi, tilnefndur af BHM, og tekið sæti í þremur málum þar. Þá hefur hann setið í gerðardómi í alls átta málum, þar af sem formaður í sex þeirra.

5.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur einhverja reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er fyrst og fremst litið til starfstíma þeirra sem skipaðra eða settra dómara þar sem þau leystu úr málum á eigin ábyrgð. Einnig verður horft til starfa umsækjenda sem fulltrúar eða aðstoðarmenn dómara þótt þau störf hafi mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara. Tveir af umsækjendum hafa starfað sem skipaðir dómara við Landsrétt, en reynsla af störfum við þann dómstól hlýtur eðli máls samkvæmt að vega þyngra en reynsla af dómstörfum í héraði. Loks er í þessum matsþætti höfð hliðsjón af reynslu umsækjenda af því að hafa setið sem varadómara í einstökum málum í Hæstarétti og tekið þátt í störfum annarra fjölskipaðra dómstóla, þ. á m. gerðardóma.

Að öllu þessu virtu telst *Sigurður Tómas* standa fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Það sem vegur þyngst í því efni eru störf hans sem héraðsdómari í samtals tíu ár og landsréttardómari í rúm tvö ár, en þar fyrir utan býr hann að margvíslegri reynslu af dómstörfum. Reynsla *Aðalsteins* af því að vera landsréttardómari í rúm tvö ár auk annarra dómstarfa, sem að framan er getið, vegur tiltölulega lítið í samanburði við dómara-reynslu *Sigurðar Tómasar*. Þá er reynsla *Sigríðar* af dómstörfum sýnu minnst.

5.3. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum*

Aðalsteinn E. Jónasson hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1993 og Hæstarétti 1998. Hann hóf störf að loknu embættisprófi 1992 sem fulltrúi á

lögmannsstofu og frá 1993 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Árshlé varð á lögmannsstörfunum vegna framhaldsnáms 1999-2000. Á tímabilinu frá 2000 til 2010 vann hann ýmist í hálfu eða heilu starfi sem lögmaður, þ. á m. hjá tveimur bönkum og fjárfestingarfélagi, auk þess sem hann starfaði hjá Háskólanum í Reykjavík sem lektor í hálfu starfi og síðan dósent í fullu starfi. Verður við það miðað að sá þáttur, sem snýr að lögmennsku á þessu tímabili, hafi tekið yfir sem næst helming þess. Árið 2010 hóf hann að nýju störf sem lögmaður í fullu starfi. Reynsla hans af lögmennsku spannar því tæp 20 ár, þar af sem héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður í nærfellt 19 ár. Auk þess að flytja mál fyrir dómi hefur umsækjandinn annast almenn ráðgjafarstörf fyrir fyrirtæki, samtök fjármálafyrirtækja, stjórnvöld og stofnanir. Þá má nefna að hann hefur veitt ráðgjöf til skilanefnda föllnu bankanna og sveitarfélaga. Hefur hann flutt fjölda munnlegra og skriflegra mála fyrir Hæstarétti, auk fjölmargra mála fyrir héraðsdómi. Hann hefur litla reynslu af rekstri sakamála.

Sigríður J. Friðjónsdóttir hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður 1991. Hún starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu á árunum 1991-1993. Sem fulltrúi hjá rannsóknar-lögreglu ríkisins og fulltrúi við embætti ríkislögreglustjóra á árunum 1993-1998 sinnti hún töluverðum málflutningi. Sem saksóknari, vararíkissaksóknari og ríkissaksóknari hefur umsækjandinn flutt hundruð sakamála fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti. Þá hefur hún veitt umsagnir vegna beiðna um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar í meira en 40 sakamálum. Árið 2012 flutti hún sem saksóknari Alþingis fyrir landsdómi mál þess á hendur fyrrverandi forsætisráðherra.

Sigurður Tómas Magnússon starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu í rúm tvö ár á árunum 1986-1998. Hann fékk réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1988 og flutti tvö einkamál fyrir dómi áður en hann lagði réttindi sín inn sama ár. Hann fékk réttindi til máflutnings fyrir Hæstarétti í ársbyrjun 2009, en hefur ekki nýtt þau til málflutningsstarfa. Hann hefur þó í nokkrum mæli sinnt lögmannsstörfum samhliða öðrum störfum, svo sem rekstri stjórnslumála og ráðgjöf af ýmsu tagi, einkum um réttarfarsleg álitaefni. Þá var hann settur ríkissaksóknari í tveimur umfangsmiklum sakamálum 2005, en meðferð þeirra lauk tæpum þremur árum síðar. Gaf hann út ákæru í öðru þeirra og rak þau fyrir báðum dómstigum allt til enda. Ef allt

framangreint er talið svarar lögmannsferill umsækjandans til sem næst sex ára, þar af starfaði hann í tvö ár sem lögmannsfulltrúi.

5.3.1. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður*

Allir umsækjendur hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er einkum litið til þess hve langan feril þau eiga að baki sem lögmennt, en einnig horft til þess hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þau hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Einnig verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmannsstofum áður en þau fengu lögmannsréttindi, en sú reynsla vegur þó tiltölulega lítið. Þá er tekið mið af því að sumir umsækjenda sinntu öðrum viðfangsefnum samhliða lögmannsstörfum, en þau koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats, svo sem viðamikil stjórnarsýslustörf og kennsla. Þótt störfum ákæranda verði ekki að fullu jafnað til lögmannsstarfa er málflutningur snar þáttur í störfum þeirra og fellur undir þennan matsþátt. Ein af umsækjendum hefur starfað um árabil sem ríkissaksóknari og áður vararíkissaksóknari, en í þeim störfum felast umfangsmikil stjórnarsýslustörf sem falla undir þann þátt hæfnismats.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, stendur *Aðalsteinn* fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, en hann hefur starfað sem lögmaður á ólíkum réttarsviðum í 19 ár. Þar á eftir kemur *Sigríður*, sem fengist hefur við málflutning sem saksóknari, vararíkissaksóknari og ríkissaksóknari í yfir 21 ár. Lögmanns- og málflutningsreynsla *Sigurðar Tómasar* er takmörkuð í samanburði við þau tvö sem áður hafa verið nefnd.

5.4. *Reynsla af stjórnarsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnarsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Aðalsteinn E. Jónasson hefur verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 eða í rúmlega 12 ár. Varaformaður er einn af fimm föstum aðalmönnum í stjórn stofnunarinnar og hefur hann tekið við sem formaður hennar í forföllum formanns, eitt sinn um lengri tíma. Umsækjandinn var formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009-2013, en nefndin kvað upp þrjá úrskurði á tímabilinu. Frá

apríl 2009 til mars 2010 starfaði hann fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sem hafði það hlutverk að rannsaka aðdraganda og orsakir falls bankanna haustið 2008. Þá hefur hann í tvígang verið settur formaður nefndar um dómarastörf. Hann hefur jafnframt setið í kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði Háskólans í Reykjavík.

Sigríður J. Friðjónsdóttir starfaði sem fulltrúi borgarfélagetans í Reykjavík frá maí til september 1986, sem fulltrúi og síðar aðalfulltrúi sýslumannsins á Sauðárkróki á árunum 1987-1991 og var sett sýslumaður á Hvolsvelli í skamman tíma 1992. Þá hóf hún störf hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1993 og var skipuð fulltrúi þar frá því í ársbyrjun 1994. Umsækjandinn starfaði sem saksóknari við embætti ríkissaksóknara frá 1998 og sem vararíkissaksóknari 2008-2011. Frá árinu 2011 hefur hún gegnt embætti ríkissaksóknara. Þá var hún kosin saksóknari Alþingis 2010 í máli þess á hendur fyrrverandi forsætisráðherra. Hún hefur átt sæti í refsiréttarnefnd frá 2003 og auk þess setið í ýmsum öðrum stjórnarsýslunefndum.

Sigurður Tómas Magnússon starfaði sem skrifstofustjóri á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í rúmlega eitt og hálf ár frá ársbyrjun 1995 og fram á haust 1996. Þar fór hann með málefni lögreglunnar, Lögregluskóla ríkisins, ákærvaldsins og dómstólanna. Hann var formaður dómstólaráðs í sjö ár 1998-2005 og sat í jafnréttisráði 1997-2000. Umsækjandinn var ráðgjafi sérstaks saksóknara frá stofnun embættisins frá 2009 þar til það var lagt niður í árslok 2015. Þá var hann settur ríkissaksóknari í tveimur umfangsmiklum sakamálum 2005-2008. Umsækjandinn hefur átt sæti í fjölda stjórnarsýslunefnda, en meðal þeirra eru kærunefnd jafnréttismála og nefnd skv. 27. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá hefur hann verið varamaður í endurupptökunefnd þar sem hann hefur tekið sæti í níu málum. Frá miðju ári 2013 hefur umsækjandinn verið formaður stýrihóps á vegum innanríkisráðuneytisins sem fékk það verkefni að móta réttaröryggisáætlun sem taki til lögreglu, ákærvalds, dómstóla og fullnustuyfirvalda. Hann varð formaður réttarfarsnefndar 2017. Loks sat hann um árabil í námsþróunarráði lagadeildar Háskólans í Reykjavík og námsráði skólans sem og í nokkrum matsnefndum innan hans.

5.4.1. *Reynsla af stjórnáslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnáslustörfum. Í mörgum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt við mat á hæfni vegna stjórnáslureynslu. Þó skiptir máli hvort slík störf nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010, svo sem seta í úrskurðarnefndum er halda má fram að verði að nokkru leyti lögð að jöfnu við dómstörf. Þá er Háskólinn í Reykjavík rekinn sem sjálfseignarstofnun þar sem aðeins reynir á reglur stjórnáslurettar með óbeinum hætti. Einnig fylgja störfum settra saksóknara lítil stjórnásluverkefni í samanburði við embætti ríkissaksóknara. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma.

Að öllu þessu virtu er það mat dómnefndar að *Sigríður* standi ótvírætt fremst umsækjenda að því er varðar stjórnáslureynslu, einkum vegna starfs hennar sem ríkissaksóknari í nýu ár. Næstur henni kemur *Sigurður Tómas*, sem fengist hefur við fjölbreytt stjórnáslustörf, þ. á m. sem skrifstofustjóri í ráðuneyti, og síðan *Aðalsteinn*.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Aðalsteinn E. Jónasson var 2002-2006 lektor í hálfu starfi við lagadeild Háskólans í Reykjavík, en í fullu starfi í fimm mánuði 2007. Frá ársbyrjun 2008 til miðs árs 2011 var hann dósent í fullu starfi við deildina. Í störfum sínum fyrir hana annaðist umsækjandinn fyrst og fremst kennslu í samninga-, skaðabóta- og kröfurétti annars vegar og verðbréfamarkaðsrétti hins vegar. Þá hafði hann umsjón með BA-ritgerðum og meistararitgerðum auk þess sem hann var reglulega prófdómari á þessu tímabili. Áður en umsækjandinn hóf störf hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2001-2002 auk þess að hafa umsjón með lokaritgerðum. Hann annaðist kennslu á námskeiðum Lögmannafélags Íslands og á námskeiði fyrir verðbréfamíðlara 2000-2003. Kennsluferill umsækjandans spannar þannig nýu ár, þar af fjögur ár í fullu starfi.

Sigríður J. Friðjónsdóttir kenndi áfanga í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands árin 1994 og 1995 þar sem fjallað var um refsirétt og sakamálaréttarfar. Einnig hefur hún annast kennslu við Lögregluskóla ríkisins og á námskeiðum ríkissaksóknara fyrir ákærendur.

Sigurður Tómas Magnússon kenndi frá hausti 2005 til ársloka 2017 í fullu starfi við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fyrst sem sérfræðingur en 2010-2017 sem prófessor. Aðalkennslugreinar hans voru einkamála- og sakamálaréttarfar, en aðrar greinar, sem hann kenndi, voru fullnusturéttarfar og auðgunar- og efnahagsbrot. Hann sinnti jafnframt stundakennslu í viðskiptarétti við Tækniháskóla Íslands 1986-2005, í kröfurétti, eignarétti og réttarfari við lagadeild Háskóla Íslands 1991-1996 og réttarfari við lagadeild Háskólans í Reykjavík haustið 2003. Þá annaðist umsækjandinn kennslu í fjármunarétti á námskeiðum til öflunar réttinda sem verðbréfamiðlari á árunum 1990-1992 og 2001-2005 og í samningarétti og réttarfari á löggildingar-námskeiðum fyrir fasteigna- og skipasala á árunum 1989-1991 og haustin 2005 og 2007. Hann hefur kennt einkamálaréttarfar á námskeiðum til öflunar málflutningsréttinda frá 2005, verið prófdómari í skriflegum og munnlegum prófum í talsverðum mæli, þar á meðal við lagadeild Háskóla Íslands, og haft umsjón með ritun fjölda BA- og meistararitgerða. Kennsluferill umsækjandans spannar því 31 ár, þar af sem sérfræðingur í fullu starfi í fimm ár og sem prófessor í sjö ár.

5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Þegar horft er til þess, sem að framan er rakið, hefur *Sigurður Tómas* þá sérstöðu meðal umsækjenda að hann hefur fengist við kennslu í lögfræði á háskólastigi í um þrjú áratugi, þar af sem prófessor um árabil. Stendur hann því fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, en næstur honum kemur *Aðalsteinn* sem m.a. sinnti háskólakennslu í fullu starfi í fjögur ár. Kennslureynsla *Sigríðar* á háskólastigi er afar takmörkuð.

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Aðalsteinn E. Jónasson hefur ritað tvær lögfræðibækur, *Viðskipti með fjármála-gerninga*, sem var gefin út 2009 og er byggð að hluta til á áður birtum fræðigreinum, og *Markaðssvik* sem kom út 2017. Hluti bókarinnar er endurskoðun á fyrri bók, en að

meirihluta nýtt efni. Auk þess getur umsækjandinn um þrjá bókakafla um lögfræðileg efni, sem hafa verið birtir í íslenskum og erlendum ritum. Fræðiskrif umsækjandans eru einkum á sviði fjármunaréttar, fjármálamarkaða, verðbréfavíðskipta og tengdra greina. Umsækjandinn hefur ritað 14 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni og eina óritrýnda. Hann hefur setið í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu frá 2009 og ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2007.

Sigríður J. Friðjónsdóttir hefur ritað tvær fræðigreinar, aðra sjálf en hina ásamt öðrum höfundum. Þá hefur hún flutt erindi á ýmsum ráðstefnum og fundum sem varða ákærvald og lögreglu.

Sigurður Tómas Magnússon hefur ritað bókina *Ákvörðun refsinga – Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000* þar sem hann var höfundur að öðru efni en fjórða kafla bókarinnar. Hann hefur jafnframt skrifað 16 fræðigreinar, sem flestar hafa birst í innlendum og erlendum lögfræðiritum, þar af eru 11 ritrýndar. Umsækjandinn hefur ennfremur sinnt ritrýnistörfum. Þá hefur hann haldið fjölda fyrirlestra um lögfræðileg efni við hin ýmsu tilefni og tekið þátt í fjölmörgum fræðafundum og ráðstefnum.

5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli ólíkra ritverka sem eru fræðirit, bókakaflar og greinar. Sumt efnið er ritrýnt, en annað ekki. Við matið er litið til fjölda, umfangs og fjölbreytni fræðiskrifa hlutaðeigandi umsækjanda, auk þess sem horft er til þess hvort hann hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af erindum og fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt, sem og ritrýni- og ritstjórnarstarfa þeirra. Síðastnefndu þættirnir eru þó léttvægir í samanburði við útgefið efni.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, stendur *Aðalsteinn* framar öðrum umsækjendum í þessum matsþætti, en næstur honum kemur *Sigurður Tómas*. Báðir hafa þeir skrifað viðamikil ritverk þótt framlög þeirra séu þegar á allt er litið mismunandi mikil að vöxtum. Fræðiskrif *Sigríðar* eru hins vegar lítil í samanburði við aðra umsækjendur.

5.6. *Reynsla af stjórnun*

Aðalsteinn E. Jónasson var stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins 1912 ehf., Nathans & Olsens hf., Ekrunnar ehf. og 1912 ehf. („1912 samstæðunnar“) 2012-2017. Frá nóvember 2016 til 2017 var hann einn stjórnarmanna í Fossum mörkuðum hf., sem er verðbréfafyrirtæki, og sat í stjórn LEX lögmannsstofu 2011-2015. Hann var forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2007-2011, en hafði verið formaður stjórnar hennar 2003-2007. Samhliða kennslu og rannsóknum við háskólann starfaði hann sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. frá október 2006 til ársloka 2007. Árið 2004 var hann ráðinn sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Straumi-Burðarási hf. og gegndi því starfi samhliða því að vera lektor hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík til september 2006. Frá 2000 var umsækjandinn framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Íslandsbanka-FBA hf. og gegndi því starfi til loka árs 2002. Sem yfirmaður lögfræðideilda bankanna hafði hann mannaforráð auk þess að eiga sæti í framkvæmdastjórn. Þá hefur umsækjandinn verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá 2007. Einnig var hann formaður nefndar um dómastörf *ad hoc* í tveimur málum 2009 og formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009-2013.

Sigríður J. Friðjónsdóttir starfaði sem saksóknari við embætti ríkissaksóknara frá 1998 og varð vararíkissaksóknari 2008. Hún gegnir nú embætti ríkissaksóknara og hefur gert frá því 2011.

Sigurður Tómas Magnússon starfaði sem skrifstofustjóri á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í eitt og hálf ár 1995-1996. Hann gegndi jafnframt stöðu skrifstofustjóra við Héraðsdóm Reykjavíkur 1992-1993. Umsækjandinn var formaður dómstólaráðs í sjö ár, á árabílinu 1998-2005, kærunefndar jafnréttismála í þrjú ár og námspróunarráðs lagadeildar Háskólans í Reykjavík í fimm ár. Frá 2013 hefur umsækjandinn verið formaður stýrihóps um að móta réttaröryggisáætlun, sem taki til lögreglu, ákærvalds, dómstóla og fullnustuyfirvalda, og frá 2017 hefur hann verið formaður réttarfarsnefndar.

5.6.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið sér stjórnun í einni eða

annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík stjórnunarstörf hafa verið fólgin og hve lengi þau hafa sinnt þeim störfum.

Að þessu gættu stendur *Sigríður* ótvírætt fremst umsækjenda að því er þennan þátt varðar, fyrst og fremst vegna starfs síns sem ríkissaksóknari og þar með æðsti handhafi ákærvaldsins í níu ár. *Aðalsteinn* og *Sigurður Tómas* hafa báðir öðlast verulega reynslu af stjórnun, sá fyrrnefndi sem eigandi og stjórnandi lögmannsstofu og stjórnandi hjá einkafyrirtækjum og sá síðarnefndi sem skrifstofustjóri í ráðuneyti og hjá stærsta dómstóli landsins, formaður dómstólaráðs og fleiri stjórnsýslunefnda. Ekki eru efni til að gera upp á milli þeirra tveggja í þessum matsþætti.

5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl.

Aðalsteinn E. Jónasson var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp er varð að lögum nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki. Hann var í laganefnd European Banking Federation 2000-2002. Þá sat hann í laganefnd Lögmannafélags Íslands 1996-1999.

Sigríður J. Friðjónsdóttir hefur átt sæti í refsiréttarnefnd frá 2003, en hlutverk nefndarinnar er m.a. að vera dómsmálaráðherra til ráðgjafar um samningu frumvarpa og annarra reglna á sviði refsiréttar og semja frumvörp og aðrar reglur að beiðni ráðherra á því sviði. Hún var formaður nefndar, sem dómsmálaráðuneytið skipaði til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar, og oddviti stýrihóps sem ríkissaksóknari skipaði á sínum tíma til að fara yfir og gera tillögur varðandi notkun á búnaði við upptöku á hljóði og mynd við skýrslutökur hjá lögreglu. Þá var hún í forsvari fyrir vinnuhóp, sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipaði og vann að tillögum að reglum um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, og formaður starfshóps sem gera átti tillögur að breytingum á sakamálaréttarfari og réttarreglum því tengdu með það að markmiði að auka skilvirkni í sakamálum. Umsækjandinn var skipuð af innanríkisráðherra í rýnihóp vegna vinnu við frumvarp sem varð að lögum nr. 46/2016 um meðferð einkamála og sakamála vegna stofnunar millidómsstigs.

Sigurður Tómas Magnússon hefur komið að samningu lagafrumvarpa á sviði löggæslu, ákærvalds og dómstóla, svo og einkamálaréttarfars og sakamálaréttarfars.

Hann hefur ýmist unnið að frumvörpum einn eða með öðrum. Um störf af þeim toga má nefna frumvarp til breytinga á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri réttarfarslögum, en það varð að lögum nr. 76/2019. Árið 2010 var hann skipaður formaður vinnuhóps um millidómstig sem skilaði tillögum um að því yrði komið á fót. Eftir að nefnd innanríkisráðherra skilaði drögum að frumvörpum um millidómstig vann hann áfram, í samráði við fleiri, að samningu þeirra, en þau voru öll samþykkt sem lög. Umsækjandinn var formaður nefndar um skipulag og tilhögun rannsókna og saksókna í efnahagsbrotamálum, sem skilaði frumvarpi til laga um málefnið, og sat í nefnd sem skilaði af sér frumvarpsdrögum í ársbyrjun 2017 um ráðstafanir gegn og refsingu fyrir hópamorð o.fl. Hann samdi á sínum tíma drög að frumvarpi til laga um embætti sérstaks saksóknara og samdi ásamt fleirum drög að frumvarpi um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála. Ennfremur samdi hann frumvarp, sem varð að lögreglulögum nr. 90/1996, og frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, umferðarlögum og fleiri lögum um innheimtu sekta og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Þá hefur hann jafnframt komið að samningu reglugerða á sviði umferðarmála og reglum á vegum dómstólaráðs og veitt fjölmargar umsagnir um lagafrumvörp. Af öðrum störfum má nefna að umsækjandinn hefur frá 2006 verið fulltrúi Íslands í stýrihópi fyrir norrænu réttarfarsráðstefnurnar og var þátttakandi í norrænu samstarfsverkefni á sviði réttarfars á árunum 2011-2012. Frá 2017 hefur hann verið formaður réttarfarsnefndar, en hlutverk nefndarinnar er m.a. að vera dómsmálaráðherra til ráðgjafar um samningu frumvarpa og annarra reglna á sviði réttarfars og semja frumvörp og aðrar reglur að beiðni ráðherra á því sviði.

5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl. – samanburður

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, stendur *Sigurður Tómas* ótvírætt fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Á eftir honum kemur *Sigríður* sem hefur komið að samningu fjölda lagafrumvarpa með setu í refsiréttarnefnd í nær 17 ár auk þess að hafa átt hlut að setningu fjölda stjórnsýslureglna. Þar á eftir fylgir *Aðalsteinn*.

5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgerði

Í 3. tölulíð 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli lítið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulíð 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Eins og áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hið lausa dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Vegna þess að áður hafði verið lagt mat á almenna starfshæfni tveggja af þremur umsækjendum af dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016, sbr. umsögn hennar frá 9. desember 2019, var eins og áður greinir aðeins afað upplýsinga í þetta sinn um störf, samstarfshæfni og aðra persónulega eiginleika hjá þeim meðmælendum sem ekki höfðu veitt umsögn um umsækjendurna síðastlíðið haust. Þessi ákvörðun dómnefndar var kynnt umsækjendum með tölvubréfum 31. mars 2020 og þeim veittur frestur til að koma að andmælum. Engin andmæli bárust nefndinni. Á sama hátt og umsagnirnar frá því í haust voru allar jákvæðar í garð umsækjenda voru þær umsagnir, sem dómnefndin afaði að þessu sinni, einnig jákvæðar um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra.

Af fyrra mati dómnefndar, umsögnunum þremur og athugunum nefndarinnar nú verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni hæstaréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulíð 4. gr. reglna nr. 620/2010.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulíð 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af

röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á sviði réttarfars.

Að þessu virtu er það mat dómnefndar að *Sigurður Tómas* standi öðrum umsækjendum frammar í þessum þætti hæfnismats þar sem hann hefur ekki aðeins mikla reynslu af dóms- og málflutningsstörfum, heldur einnig fengist við kennslu, fræðiskrif og átt þátt í að semja fjölmörg frumvörp til laga á sviði réttarfars. Að álitni nefndarinnar hafa *Aðalsteinn* og *Sigríður* með framangreindum störfum sínum öðlast slíkt vald á réttarfarsreglum að ekki sé ástæða til að gera upp á milli hæfni þeirra á þessu sviði.

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu

Í 4. gr. reglna nr. 620/2010 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af dómsúrlausnum umsækjanda eða eftir atvikum greinargerðum og stjórnsluúrskurðum hans má t.d. ráða hve gott vald hann hefur á réttarfarsreglum og hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga

nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Eins og áður greinir var í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 fundið að því að dómnefnd, sem mat hæfni umsækjenda um 15 embætti landsréttardómara, hafi ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins þeirra til að semja dóma. Í samræmi við þessa athugasemd Hæstaréttar hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers og eins umsækjenda á þessu sviði á grundvelli dómsúrlausna þeirra, greinargerða og annarra sambærilegra gagna. Ekki hefur aðeins verið horft til gagna, sem fylgdu umsóknum umsækjenda, heldur einnig til annarra framlaga þeirra, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Sigurður Tómas Magnússon* hafi sýnt að hann ráði yfir mestri færni umsækjenda til að semja dóma, jafnt í einkamálum sem sakamálum. Því til stuðnings er ekki síst horft til þeirra dóma og úrskurða, er hann kvað upp á sínum tíma sem héraðsdómari, en tekið var sérstaklega til skoðunar úrtak af þeim úrlausnum hans sem skotið var til Hæstaréttar. Sömuleiðis var farið yfir úrtak af úrlausnum, er umsækjandinn hefur komið að sem landsréttardómari, þar sem málin, sem leyst var úr, voru jafnan reifuð á sjálfstæðan og skipulegan hátt og síðan færð lögfræðileg rök fyrir niðurstöðunum sem voru nær ávallt góð og gild. Á hæla Sigurði Tómasi að því er varðar færni til að semja dóma koma að álitum dómnefndar *Aðalsteinn E. Jónasson* og *Sigríður J. Friðjónsdóttir*, en ekki verður gert upp á milli hæfni þeirra að þessu leyti.

5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin af dómarastörfum, lögmannsstörfum, stjórnslustörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þessa lítur nefndin svo á að allir umsækjendur séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

6. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti hæstaréttardómara sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum hæstaréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. – 5.8 og 5.9.1, þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, er það niðurstaða dómnefndar að umsækjendur hafi öll öðlast þá lögfræðilegu þekkingu, sem gera verður kröfu um að hæstaréttardómari hafi til að bera, og séu mjög hæf til að gegna því embætti. Séu umræddir matsþættir virtir í heild er það mat nefndarinnar að *Sigurður Tómas Magnússon* standi þar fremstur umsækjenda. Munurinn á milli umsækjendanna þriggja er þó ekki svo afgerandi að úrslitum geti ráðið, einn og sér.

Vegna þess að svo háttar til skiptir enn meira máli en ella hver er færni umsækjenda til að nýta þá lögfræðiþekkingu, sem þau búa yfir, við að leysa úr dómsmálum á skipulegan og rökstuddan hátt. Eins og áður greinir er það mat

dómnefndar, sbr. kafla 5.9.2., að Sigurður Tómas hafi sýnt að hann sé færastur þeirra til að ráða ágeiningsmálum til lykta á þann hátt sem mælt er fyrir um í réttarfarslögum.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómnefndar að hann sé hæfastur umsækjenda til að gegna embætti dómara við Hæstarétt.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. laga nr. nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Sigurður Tómas Magnússon sé hæfastur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem auglýst var laust til umsóknar 28. febrúar 2020.

Reykjavík, 30. apríl 2020



Eiríkur Tómasson



Halldór Halldórsson



Óskar Sigurðsson



Sigríður Þorgeirsdóttir



Valtyr Sigurðsson